

AUGLÝSING

um deiliskipulag og deiliskipulagsbreytingu í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Bláskóga-
byggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlanir eða breytingar á deiliskipulagsáætl-
unum.

1. *Vað í landi Brúar í Biskupstungum, deiliskipulag frístundabyggðar.*
Gert er ráð fyrir fjórum frístundalóðum á svæði sem í heild er 2,9 ha og liggur að Tungufljóti. Þrjár lóðanna eru 5.000 m² að stærð en ein er 13.200 m². Aðkoma að svæðinu er frá Biskupstungnabraut um veg sem liggur að frístundahúsum norðan við skipulagssvæði.
2. *Miðhús í Biskupstungum, breyting á deiliskipulagi frístundalóðar.*
Á lóð A (stærð 7 ha) er gert ráð fyrir tveimur byggingareitum, stærð byggingareita verður 3.000 m². Hámarksstærð húsa er 150 m² og hámarkshæð 5,2 m. Heimilt er að reisa 35 m² gestahús/geymslu á hvorri lóð.
3. *Rimi úr landi Torfastaða í Biskupstungum, deiliskipulag lögbýlis.*
Gert er ráð fyrir tveimur garðyrkjulóðum, 11.500 m² og 39.500 m² á 5,1 ha svæði. Heimilt er að reisa íbúðarhús ásamt útihúsum (geymslu, svefnhúsi, verkfæra- og vinnuhúsi og gróðurhúsum) innan hvers byggingareits. Hámarksstærð íbúðarhúsa er 250 m² og gróðurhúsa 1.000 m². Hámarkshæð húsa er 7 m.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.
Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir og deiliskipulagsbreytingar öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 9. júní 2006.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnessýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 23. júní 2006